

Föstudagur 8. mars 2019

Fundur í stjórn landbótasjóðs. Allir aðalmenn mættir Eiríkur Kjerúlf, Einar Sveinn Friðriksson og Anna Bryndís.

Fundur hófst kl. 20:10

1. Formaður auglýsti eftir styrkumsóknum eins og undanfarin ár, svohljóðandi:

Landbótasjóður Fljótaldalshrepps auglýsir eftir umsóknum um styrki til landbótaverkefna 2019. Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur liggja frammi á skrifstofu hreppsins og á heimasíðunni www.fljotsdalur.is. Skilafrestur umsókna er 8. mars og sendist merkt: Landbótasjóður Fljótaldalshrepps, Végarði, 701 Egilsstaðir.

Stjórnin

2. Afgreiðsla umsókna um landbótastyrki. Fjórtán umsóknir bárust. Eftirtaldar umsóknir bárust:

Arnheiðarstaðir, Eiríkur J. Kjerúlf	957.000,-
Bessastaðagerði, Guðmundur Pétursson	1.382.459,-
Brekka, Hallgrímur Þórhallsson	1.035.000,-
Brekkugerði, Jóhann F. Þórhallsson	810.600,-
Droplaugarstaðir, Lárus Heiðarsson	300.000,-
Eyraryland, Jóh. Þorvarður Ingimarsson	564.160,-
Hrafnkelsstaðir, Hjörtur E. Kjerúlf	726.000,-
Melar, Eyjólfur Ingvason	320.000,-
Skriðuklaustur, Anna Bryndís	1.035.000,-
Vallholt, Hjörtur E. Kjerúlf	641.000,-
Valþjófsstaður 2, Friðrik Ingi Ingólfsson	491.500,-
Víðivallagerði, Þorsteinn Pétursson	507.000,-
Víðivellir fr., Jósef Valgarð Þorvaldsson	1.002.500,-
Víðivellir ytri 1, Hörður Guðmundsson	<u>370.388,-</u>
Samtals	10.142.607,-

Styrkumsóknir eru 661.959,- kr. umfram þær 9.480.648,- sem áætlaðar eru til úthlutunar á þessu ári, eða tæp 7% umfram.

„Enginn fær hærri styrk en 950.000,- (10% af úthlutun). Umsóknir undir 900.000,- eru ekki skertar“.

Úthlutun styrkja er 3,2 % til 10% af heildarupphæð.

Ákveðið að greiðsla fyrir vélavinnu verði 10,000,- og að greiðsla fyrir manninn verði 4.500,-. Óbreytt frá fyrra ári.

3. Drög að ársreikningi 2018 skoðuð. Engin athugasemd gerð. Formanni falið að undirrita staðfestingabréf til endurskoðanda Deloitte, Egilsstöðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 23.

Annar fundur boðaður síðar.

Anna Bryndís fundarritari
Eiríkur J. Kjerúlf formaður
Einar Sveinn gjaldkeri